

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um fjársýsluskatt.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (HHj, LRM, MSch, SkH, ÁPS, LMós).

1. Við 2. gr.
 - a. 3. tölul. falli brott.
 - b. Í stað tilvísunarinnar „1–3. tölul.“ í 4. tölul. komi: 1.–2. tölul.
2. Í stað „10,5%“ í 6. gr. komi: 5,45%.
3. Í stað „1. ágúst“ í 3. másl. 2. mgr. 11. gr. komi: 1. nóvember.
4. 2. másl. 17. gr. orðist svo: Þó öðlast 1. tölul. og a-liður 2. tölul. 18. gr. gildi 1. janúar 2012 og kemur a-liður 2. tölul. til framkvæmda við staðgreiðslu 2012 og álagningu 2013.
5. Við 18. gr. bætist nýr liður er orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt:
 - a. Við 3. mgr. 71. gr. bætist nýr másl. 2. mgr. og 1. másl. þessarar málsgreinar skal einnig leggja sérstakan fjársýsluskatt á aðila sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga um fjársýsluskatt. Sérstaki fjársýsluskatturinn skal vera 6% af tekjuskattsstofni yfir 1.000.000.000 kr., sbr. 2. tölul. 61. gr.
 - b. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Greiða skal fyrir fram upp í álagðan sérstakan fjársýsluskatt skv. 2. másl. 3. mgr. 71. gr. 1. apríl 2012 vegna janúar, febrúar og mars 2012 en eftir það mánaðarlega á árinu 2012 og miðast sú greiðsla við skattstofn af reglulegri starfsemi eins og hann var í árslok 2010, miðað við skatthlutfall skv. 2. másl. 3. mgr. 71. gr., án tillits til samsköttunar og yfirfæranlegs taps.
6. Við bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. skal fyrsti gjalddagi fjársýsluskatts á árinu 2012 vera 1. apríl vegna launa í janúar, febrúar og mars á því ári.